

Nr. 934

22. október 2012

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi – Naustahverfi, 2. áfangi, Brekatún 2.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. október 2012 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagsbla nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Naustahverfi, 2. áfanga.

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 2 við Brekatún verður heimilt að reisa 9 hæða fjölbýlishús með 23 íbúðum, byggingarreitur 1. hæðar stækkar.

*Nýtt deiliskipulag – Höepfnersbryggja – Siglingaklúbburinn Nökkvi.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 4. september 2012 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagsbla nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Höepfnersbryggju – Siglingaklúbbinn Nökkva.

Deiliskipulagið felur m.a. í sér að gert er ráð fyrir skemmtibátahöfn, byggingum fyrir klúbbhús og kaffistofu, strandsvæði og bílastæðum.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir svæðið, Höepfnersbryggja – athafnasvæði Siglingaklúbbsins Nökkva sem tók gildi 10. september 2002, ásamt síðari breytingum.

Deiliskipagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 22. október 2012,*

**Anna Bragadóttir,**  
verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. nóvember 2012